

LEIÐBEININGAR UM UPPSETNINGU OG VIÐHALD Á REYKSKYNJURUM JÓNÍSKUM OG OPTÍSKUM



ATHUGIÐ: Lesið leiðbeiningarnar. Staðsetjið reykskynjarana rétt. Farið eftir ábendingum um uppsetningu. Prófið reykskynjarana reglulega. Leggið drög að undankomuleiðum af heimilinu til öryggis.

LEIÐBEININGAR:

1. ALMENNT: Reykskynjarinn getur aðeins HJÁLPAÐ þér til þess að vernda fjölskyldu þína og heimili gegn tjóni af völdum elds. Besta vörnin er að staðsetja reykskynjara í hvert herbergi og hvern hluta hússins þannig að hver fjölskyldumeðlimur geti heyrt í og brugðist við viðvörunarhljóði.

2. ALMENNT: Reykskynjarinn vinnur ekki án rafhlöðu. Hann þarfnast góðrar rafhlöðu sem er rétt í sett. Hann skynjar ekki reyk sem ekki nær til hans t.d. ef eldur brýst út í þaki eða vegg bak við lokaða hurð eða í öðrum einangruðum hlutum hússins. Reykskynjarinn skynjar ekki reyk nema reykurinn eigi greiða leið að honum.

3. STAÐSETNING REYKSKYNJARA: Reykskynjara skal staðsetja í hverri svefnálmú og í svefnherbergjum. Á hverri hæð eða palli hússins, þar með í kjallara. Það er einnig mælt með því að reykskynjara sé komið fyrir þar sem t.d. hurð gæti valdið töf á að reykur næði fljótt til reykskynjara eins og í stofu, borðstofu, háaloft, geymslu, kjallara og gang.

* Setjið reykskynjara í hvert svefnherbergi sem lokuð hurð er og í gang fyrir framan svefnherbergin.

* Setjið reykskynjara í hvert herbergi þar sem rafmagnstæki eru notuð.

* Setjið reykskynjara í hvorn enda svefnálmugangs ef hann er yfir 9 m. á lengd.

* Setjið reykskynjara í loft við neðsta hluta stiga því oft er hurð við stigauppgang úr kjallara.

* Setjið reykskynjara þar sem eldfim efni eru geymd s.s. steinólía, þynnir og slíkt.

* Setjið reykskynjara í loft og ekki nær vegg en 25 sm . Ef loft er hallandi eða um risherbergi að ræða þá ekki nær en 90 sm mælt lárétt.

4. ÞAR SEM EKKI Á AÐ STAÐSETJA REYKSKYNJARA:

- * Ekki nær loftræstikerfum en 1 m.
- * Ekki í herbergi þar sem miklar hitabreytingar eru.
- * Ekki í herbergi þar sem raki er mikill eins og í baðherbergjum.
- * Ekki í herbergi þar sem mikil gufa eða reykur er eins og í eldhúsi eða bílageymslu.
- * Ekki þar sem mikil rykmyndun er. Ryk getur sest í reykskynjarann og gert hann óvirkan.
- * Ekki á staði þar sem engin hreyfing lofts er t.d. í horn milli lofts og veggjar.
- * Ekki nær fluorsent ljósi en 1,5 m.

RAFHLÖÐUR:

Reykskynjarinn er með innbyggða viðvörun fyrir rafhlöðuna. Þegar rafhlaðan er að verða tóm gefur reykskynjarinn frá sér bíb hljóð einu sinni á mínútu áður en rafhlaðan verður tóm. Slíkt hljóð á að heyrast í allt að 30 daga. Setjið nýja rafhlöðu strax í.

ÍSETNING RAFHLÖÐU:

1. Opnið reykskynjarann (Misjafnt eftir tegundum) .
2. Takið gömlu rafhlöðuna úr og setjið nýja í.
3. Prófið með því að þrýsta á hnappinn.

PRÓFUN OG VIÐHALD REYKSKYNJARA:

1. Það er ráðlagt að prófa reykskynjarann vikulega og einnig eftir að rafhlaða hefur verið endurnýjuð.
2. Þrýstið á hnappinn í nokkrar sekúndur. Þá kemur viðvörunarhljóð eins og um reyk væri að ræða.
3. **ÁRÍÐANDI:** Prófið ávallt reykskynjarann þegar komið er heim að loknu leyfi.
4. Gott er að ryksuga rifurnar á reykskynjaranum ef ryk eða óhreinindi hafa safnast fyrir. Aftengið rafhlöðu áður. Ef ástæða er til að þrifa lokið sérstaklega má gera það með sápuvatni en fjarlægjið það af skynjaranum áður.
5. Ef reykskynjari gefur frá sér ótímabæra viðvörun er líklegt að hann sé ekki rétt staðsettur. Skoðið kaflann **ÞAR SEM EKKI Á AÐ SETJA REYKSKYNJARA.**

FÖRGUN REYKSKYNJARA:

1. Farga má einstökum reykskynjara með venjulegu sorpi.
2. Seljendur taka einnig við reykskynjurum sem farga á.

Nánari upplýsingar um einstaka reykskynjara á heimasíðu okkar
<http://www.olafurgislason.is>

Við bjóðum einnig annan eldvarnabúnað, svo sem slökkvitæki, eldvarnateppi, keðjustiga, fellistiga, viðvörunarkerfi, þráðlausa reykskynjara og fl.